

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrundæminu).

Þóknanlegu bréfi herra amtmannsins frá 26. oktbr. þ. á., fylgdi erindi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 19. s. m. um, að honum sem umboðsmanni þjóðjardanna í nefndum sýslum yrði falið á hendr að heimta inn afgjaldið af jörðinni Lundey. Þér hafið um þetta efni tekið fram, að það í sjálfu sér virðist liggja næst, að Lundey væri undir sama umboði og aðrar þjóðjarðir í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og að það virðist fremr óeðlilegt, að umboðsmadr tæðra þjóðjarða greiði alþingistoll af afgjaldi hennar, þó hann taki ekki við þessu afgjaldi hennar, en að eyjan hins vegar hafi ekki að undanförmu verið talin með jörðum þeim, sem sýslumaðrinn í Kjósar- og Gullbringusýslu hefir umsjón yfir, að afgjaldið hafi verið greitt landfógetanum beinlínis, og að hin vanalegu gjaldheimtulaun, $\frac{1}{6}$ partr, hafi eigi verið reiknuð af því.

Eftir að hafa meðtekið ummæli landfógetans um þetta mál, skal eg þjónustusamlega kynna herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir:

Eyðieyjan Lundey var eigi meðal þeirra jarða, sem með konungsúrskurði frá 9. maí 1806 voru lagðar undir Kjósar- og Gullbringusýslu umboð. Hún lá upprunalega undir sérstöku umboði, sem kallað var «Lundey, Borgarfjarðar- og Miðdalspartr í Kjós», og hefir nú í yfir 50 ár verið boðin npp til leigu með því skilyrði, að afgjaldið væri beinlínis greitt í jarðabókarsjóðinn. Með því að eyjan eigi þarf sérlegrar umsjónar af hendi umboðsmannsins, og þar sem að landfógetinn hefir engin laun fyrir að heimta inn afgjaldið, virðist ekki vera nein ástæða til að reyna að fá Lundey lagða undir umboð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en af því mundi leiða, að landssjóðrinn misti $\frac{1}{6}$ part af hinu arlega afgjaldi hennar. Að því, er snertir alþingistollinn af þessari jörðu, þá á ekki að greiða hann af umboðssjóðnum, en landfógetanum, sem heimtar inn afgjaldið af jörðinni, ber að gjalda hann.

Bréf landshöfðingjans (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Í bréfi frá 7. f. m. hafið þér herra bæjarfógeti látið fyrir hönd bæjarstjórnariunar það álit í ljósi, að margir annmarkar séu á sameiningu þeirri, sem hefir átt sér stað á bæjarfógetaembættinu hér í Reykjavík við sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og að þessi sameining sé mjög óhagkvæm, með því að störf þau, er fylgja þessu embætti, séu svo mörg og örðug, að þau séu einum manni um megn, og með því að störfin þar að auki opt og einatt gjöri það nauðsynlegt, að embættismaðrinn verði sjálfr að vera við staddir bæði í bænnum og í sýslunni. Bæjarstjórnin hefir því mælt til þess, að eg hlutist til um, að hin nefndu 2 embætti aptr yrðu skilin hvort frá öðru.

Af þessu tilefni skal þjónustusamlega kunngjört herra bæjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni í Reykjavík það, er nú segir:

Í bréfinu eru eigi til færðar aðrar ástæður fyrir því, að sameining embætta þeirra, sem um er að ræða, sé óhagkvæm, en þær, sem voru vel kunnar, þá er stjórnin afreði þessa sameiningu, og þá er herra bæjarfógetinn sótti um embættið. Það leiðir af sjálfu sér, að stjórnin hefir nákvæmlega ihugað þessar ástæður, og að niðrstaðan hefir orðið sú, að þær gætu eigi komið í veg fyrir sameininguna, en hana varð af öðrum ástæðum að álita sérlega hagkvæma, enda voru laun hvers einstaks embættis svo ryr, að þau voru ekki aðgengileg fyrir duglegan embættismann, og það var ekki álitíð ráðlegt að leggja meira af landssjóðnum til launa þessara embætta, en það sem lagt var þá, er þau voru sameinuð. Sá tími, sem liðinn er, síðan embættin voru sameinuð, hefir verið of stutt til að komast að áreiðanlegri niðrstöðu um óhagkvæmni sameiningarinnar, og að því, er